

Ed.

241. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 14 9. jan. 1935, um sildarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi 6 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Yfirstjórn sildarverksmiðja ríkisins er í höndum verksmiðjuráðs og ráðherra

þess, er fer með útvegsnál. Stjórn verksmiðjanna annast að öðru leyti þriggja manna verksmiðjustjórn.

- b. Verksmiðjuráðið er skipað 12 mönnum. Af þeim skulu 9 menn kosnir af sam-einuðu Alþingi, með hlutfallskosningu. Skal kosning ætíð fara fram á Alþingi því, er fyrst kemur saman eftir hverjar almennar alþingiskosningar, eigi síðar en 2 vikum eftir þingsetningu. Hinir 3 skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga, einn frá hverjum aðilja.

Kjörtími þessara manna er hinn sami og þeirra, sem þingkjörnir eru. Varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna, skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn, og koma þeir í stað aðalmanna eftir þeirri röð, er þeir hafa verið kosnir á listunum og tilnefndir af hlutaðeigandi stofnunum.

Verksmiðjuráðsfulltrúar fá endurgoldinn ferðakostnað, ef einhver er, en hafa ekki að öðru leyti laun fyrir störf sín.

- c. Verksmiðjuráðið kýs, með hlutfallskosningu, 3 menn í stjórn verksmiðjanna og aðra 3 til vara. Kosning þessi gildir þar til mánuði eftir að nýtt verksmiðjuráð hefir verið kosið. Laun verksmiðjustjórnar ákveður ríkisstjórnin, að fengnum tillögum verksmiðjuráðs. Nú næst ekki meiri hluti innan verksmiðjustjórnar fyrir kosningu formanns, og tilnefnið ráðherra þá einn úr verksmiðjustjórn sem formann hennar.
- d. Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdarstjóra, einn eða tvo. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu. Ákveður hún starfssvið þeirra og laun og setur þeim erindisbréf.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmennirnir vera þar húsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar.

Til að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift tveggja stjórnarnefndarmanna. Framkvæmdarstjóri annast sölu afurðanna í samráði við stjórn verksmiðjanna. Hann hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þar eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

- e. Sá þingkjörni verksmiðjuráðsmaður, sem flest atkvæði hefir fengið, boðar verksmiðjuráðið til fundar svo fljótt sem því verður við komið, eftir að kosning og tilnefning hefir farið fram. Skal þar kjósa forseta og varaforseta ráðsins, og gildir sú kosning fyrir kjörtimahilið. Forseti boðar ráðið til funda svo oft sem nauðsyn krefur, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, er gerist á fundunum, svo og allar ályktanir verksmiðjuráðsins. Fundur er lögmaður þá er meira en helmingur fulltrúa er mættur.
- f. Störf verksmiðjuráðs eru þessi:
 - a. Að kjósa 3 menn í verksmiðjustjórn samkv. 7. gr. (e-liður 1. gr. frv.).
 - b. Að kjósa, með hlutfallskosningu, 3 menn til að endurskoða reikninga verksmiðjanna og 3 til vara, til eins árs í senn, og ákveða laun þeirra.
 - c. Að úrskurða reikninga verksmiðjanna.
 - d. Að gera ályktanir um önnur mál, sem lögð verða fyrir verksmiðjuráðið samkv. lögum þessum eða eftir ósk verksmiðjustjórnar eða ráðherra.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er ákveðið, að verksmiðjurnar kaupi hráefni af framleiðendum með föstu verði, og ákveður þá verksmiðjustjórnin verðið í samráði við verksmiðjuráðið. Verði ágreiningur milli verksmiðjustjórnar og verksmiðjuráðs um, hversu hátt verðið skuli vera, sker ráðherra úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning 9 manna í verksmiðjuráð fer fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög, og tilnefning annara fulltrúa í verksmiðjuráðið svo fljótt sem því verður við komið.